


CONSUMERS UNION OF ICELAND
ASSOCIATE MEMBER OF IOCU

Alþingi

Erindi nr. D 116 / 85

komudagur 6 / 10 1992



NEYTENDASAMTÖKIN
Skúlagötu 26, 101 Reykjavík
Kt. 480269-0559, Sími 91-625000
Símbref 91-624666
Pósthólf 1096, 121 Reykjavík

Efnahags- og viðskiptanefnd
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. okt. 1992

Umsögn um frumvarp til laga um neytendalán.

Neytendasamtökin fagna þessu frumvarpi, enda löngu nauðsynlegt að slík löggjöf sé staðfest. Neytendasamtökin gera eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:


1. Neytendasamtökin telja undanþágu lánssamninga sem fram kemur í g. lið 2. gr. með öllu óásættanlega. Markmið þessa frumvarps hlýtur að vera að ávallt sé tryggt sem best upplýsingastreymi til neytenda. Ekki verður séð að upplýsingabörf neytenda sé minni vegna lána sem tengjast fasteignakaupum eða vegna viðhalds fasteigna.

2. F. liður 4. gr. er að mati Neytendasamtakanna ekki nægilega skýrt orðaður og ekki verður séð hvort hlutfallstala kostnaðar verði grundvölluð á uppgefnu staðgreiðslu- eða afborgunarverði. Neytendasamtökin telja að skilyrðislaust eigi þessar upplýsingar að grundvallast á staðgreiðsluverði.

3. Í síðustu setningu 8. gr. er kveðið á um að ef kostnaður er óþekktur, skal upplýsa lántakanda hvernig hann er reiknaður út eða áætla hver hann er. Neytendasamtökin leggja til að stað orðsins eða, komi og, þannig að ávallt sé tryggð sem best upplýsingamiðlun.

4. Það er álit Neytendasamtakanna, að 19. gr. frumvarpsins sé ósanngjörn gagnvart neytendum. Því leggja samtökin til að greinin orðist svo: Jafnan skal lántakanda heimilt að greiða fyrir gjalddaga og skulu þá vextir og kostnaður aðeins reiknaður fram að greiðsludegi.

Virðingarfyllst,
f.h. Neytendasamtakanna,


Johannes Gunnarsson, formaður